

Starfsáætlun: Umsögn leikskóladeildar

Skólaárið 2024 - 2025

Leikskólinn: Lækur

Tengsl við námskrá: Sjálfræði, umhyggja og virðing eru einkunnarorð Lækjar þar sem áhersla er lögð á að hvetja og styðja við börnin í leik og starfi ásamt því að virðing

Endurmat – Umbótaáætlun: Matsteymi er starfandi við skólann en teymið leggur fram matsáætlun um hvað skal metið hvert skólaár fyrir sig. Matsáætlunin er lögð fyrir stjórnendur og starfsfólk og er um að ræða samvinnuverkefni alls starfsfólks. Skólinn fékk undanþágu frá mati og skýrslugerð á síðast liðnu skólaári þar sem leikskólastjórinn var í ótímabundnu leyfi og aðstoðarleikskólastjóri leysti hann af. Ekki var ráðinn inn aðstoðarleikskólastjóri í hennar stað fyrir en á vormánuðum. Í ofan álag var mikið um veikindi í skólanum og var því skólaárið frekar þungt.

Endur - og símenntunaráætlun: Leikskólastjórnendur ákvarða endurmenntun út frá áherslupáttum hvers skólaárs fyrir sig ásamt því að hlusta á óskir starfsfólks í því sambandi. Starfsfólk er hvatt til að fylgjast með og sækja þau námskeið og fyrirlestra sem skapar þeim tækifæri til starfsþróunar og auka með því faglegan og persónulegan þroska þeirra.

Þróunar- og nýbreytnistarf: Skólastarfið í Læk eru í sífelldri mótun og þróast í takt við þá sem eru í skólanum hverju sinni. Þar sem áhersla er lögð á gæði í samskiptum er það einn af stóru þáttunum í öllu starfi skólans ásamt læsi og ýmsum hefðum sem hafa skapast í gegnum árin. Þetta skólaárið verður aðaláherslan lögð á að vinna markvisst að því að gefa sjálfsprottna leiknum meira svigrúm innan dagsins ásamt því að starfsfólk dýpki sig í því starfi.

Á síðasta skólaári tók Lækur þátt í 4 verkefnum tengdum eTwinning. Má þar meðal annars nefna þátttöku barnanna í alþjóðlegri sýningu þar sem teikningar þeirra sýndu skoðanir þeirra á eigin réttindum. Haldið var Barnaþing í Læk þar sem börnin völdu grein númer 31 til að vinna með en í þeirri grein felst réttur barna til að leika sér.

Barnasáttmálinn – Heimsmarkmið: Unnið hefur verið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna undan farin ár í Læk. Rík áhersla er lögð á að lýðræðislega nálgun og áhersla lögð á grundvallarhugtök í mannréttindafræðslu þar sem unnið er með heimsmarkmiðin út frá gildum skólans.

Börn: Áhersla er lögð á í Læk að ýta undir náungakærleika með því að kenna börnunum að vera góð hvert við annað, hjálpa hvert öðru og skiptast á. Áhersla er lögð á að auka sjálfstæði og sjálfsbjörg barnanna ásamt því að skapa þeim aðstæður til að rannsaka nánasta umhverfi sitt.

Starfsfólk: Starfsmannhópurinn í Læk inniheldur reynslubolta sem starfað hafa við skólann í nokkur ár. Þar starfa ásamt leikskólakennurum grunnskólakennarar, starfsfólk með aðra háskólamenntun ásamt leiðbeinendum sem flestir hverjir hafa þó nokkra reynslu á bakinu.

Foreldrar: Stefna í foreldrasamstarfi er að stuðla að farsælu samstarfi milli skólans og forsjáraðila. Samstarf sem einkennist af trausti, virðingu og samtali. Forsjáraðilar eru hvattir til virkrar þátttöku, hvort sem er með formlegum eða óformlegum hætti. Foreldaráð og foreldrafélag er starfandi við skólann. Foreldrafélagið bauð Skjóðu í heimsókn í desember á síðasta liðnu ári en hún hélt utanum jólaball skólans ásamt þremur jólasveinum. Jólasveinarnir gáfu hverju barni bók sem foreldrafélagið hafði fest kaup á.

Annað: Nú hefur leikskólastjóri sagt starfi sínu lausu og mun staðan vera auglýst fljótlega eftir áramót. Aðstoðarleikskólastjóri var lengi vel ein við stjórn en fljótlega upp úr s.l. áramótum var hennar staða auglýst og kennari innan skólans ráðin í stöðuna til eins árs. Ýmis krefjandi verkefni stóðu nýjum stjórnendum fyrir dyrum en markmið þeirra er meðal annars að finna árangursríkar aðferðir til að efla menntun barna og starfsánægju og samstarf í leikskólanum.